



## hreppsnefnd 23.09.04

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 23. september 2004

kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði. Mættir voru Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Emil Sigurjónsson, Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson, Bragi Vagnsson, Björn Halldórsson og Steindór Sveinsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson og fundarritari var Magnús Már Þorvaldsson

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 2. sept. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 2. september sl.

Smávægilegar leiðréttingar gerðar og fundargerðin síðan samþykkt með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 6. og 9. sept. sl.

Lagðar fram fundargerðir bygginganefndar frá 6. og 9. sept. sl.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundagerðunum.

Fundargerðirnar síðan samþykktar með 7 atkvæðum

3. mál. Úttekt á stjórnsýslu Vopnafjarðarhrepps, skýrsla og tillögur KPMG dags. í sept. 2004. Á fundinn mætir fulltrúi KPMG og kynnir tillögurnar.

Lögð fram skýrsla KPMG unnin í september 2004 um úttekt á stjórnsýslu Vopnafjarðarhrepps.

Jafnframt lagðar fram ferlagreiningar fyrir innsend erindi og reikninga, starfslýsingar og skipurit fyrir starfsemi Vopnafjarðarhrepps.

Á fundinn var mættur Ingi Már Aðalsteinsson, fulltrúi KPMG, til þess að gera grein fyrir fyrirbyggjandi skýrslu og tillögum sem unnar hafa verið af fyrirtækinu KPMG á völdum þáttum í stjórnsýslu Vopnafjarðarhrepps og dagsett er í september 2004.

Ingi Már fór yfir skýrsluna og helstu niðurstöður og tillögur. All miklar umræður urðu síðan á fundinum og lýstu fundarmenn ánægu með fyrirbyggjandi tillögur.

Svofelld tillaga var síðan lögð fram:

”Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að stjórnsýslu Vopnafjarðarhrepps, sem dags. eru í september 2004 og jafnframt að starfsfólk skrifstofu verði ráðið til starfa miðað við fyrirbyggjandi starfslýsingar frá 1. okt. nk. að telja.”

Fyrirbyggjandi tillaga var síðan borin undir atkvæði.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

4. mál. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga bréf dags. 7. sept. sl.

Lagt fram bréf eftirlitsnefndarinnar frá 7. september sl. Jafnframt var lagt fram svarbréf

Vopnafjarðarhrepps frá 20. sept. sl. til nefndarinnar, ásamt fylgigögnum. Fulltrúar

Vopnafjarðarhrepps áttu fund með nefndinni 22. sept. sl. og var gerð grein fyrir þeim fundi.

Töluverðar umræður urðu um málið.

5. mál. Landgræðsla ríkisins bréf dags. 10. sept. sl. varðandi ástand upprekstrarheimalanda.

Lagt fram erindi Landgræðslunnar frá 10. sept. sl., varðandi ástand upprekstrarheimalanda. Nokkur umræða var um fyrirbyggjandi erindi.

Erindinu síðan vísað til úrvinnslu í landbúnaðarnefnd.

6. mál. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði bréf dags. 1. september sl., umsögn um leyfi til veitinga í Handverkshúsinu.

Lagt fram bréf sýslumannsins á Seyðisfirði frá 1. sept. sl., þar sem óskað er umsagnar Vopnafjarðarhrepps.

Vopnafjarðarhreppur mælir með að umbeðið leyfi verði veitt.

Þessi málsmeðferð var samþykkt með 7 atkvæðum.

7. mál. Fjárlaganefnd Alþingis bréf dags. 4. sept. sl., varðandi viðtalstíma hjá nefndinni.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir erindinu og lagði hann til að hreppsnefnd samþykkti að nýta sér fjarfund með nefndinni 29. sept. n. k. kl. 10.30.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

8. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð launanefndar sveitarfélaga frá 15. sept. sl.

Fundargerð launanefndar frá 15. sept. sl., lögð fram til kynningar.

b) Samþykktir og ályktanir frá aðalfundi SSA, sem haldinn var dagana 16. og 17. sept. sl.

Lagðar fram til kynningar samþykktir og ályktanir frá aðalfundi SSA, sem haldinn var 16. og 17. sept. sl.

c) Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands frá 31. ágúst sl. og jafnframt tilkynning um aðalfund Skólaskrifstofunnar sem haldinn verður 15. okt. nk., kosning fulltrúa.

Samþykkt að Björn H. Sigurbjörnsson verði fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á aðalfundinum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.